

II/37-7.4

### HANDVEÐSYFIRLÝSING

Fjárfestingafélagið Gaumur ehf.,  
kt.560389-1409,  
Skútuvogi 7  
104 Reykjavík.

GJÖRIR KUNNUGT: að til tryggingar á skilvísium og skaðlausum skyldum og skuldbindingum Fjárfars ehf., gagnvart Íslandsbanka-FBA hf. (ISFBA), samkvæmt lánsamningi dags. 5. júní 2000, um lán að fjárhæð kr. 217.086.432,00 hverju nafni sem nefnast, er ISFBA hér með sett að handveði neðangreind hlutabréf:

1. Hlutabréf nr. 3535, útgefið þann 19. ágúst 1999 af Baugi hf. til Fjárfestingarfélagins Gaums ehf. að nafnvirði kr. 10.000.000,00.
2. Hlutabréf nr. 3546, útgefið þann 1. júní 2000 af Baugi hf. til Fjárfestingarfélagins Gaums ehf. að nafnvirði kr. 7.819.000,00.
3. Hlutabréf nr. 5321, útgefið þann 26. nóvember 1999 af Baugi hf. til Fjárfestingarfélagins Gaums ehf. að nafnvirði kr. 2.512.760,00.
4. Hlutabréf nr. 9637, útgefið þann 17. júlí 2000 af Baugi hf. til Fjárfestingarfélagins Gaums ehf. að nafnvirði kr. 5.000.000,00.

Veðsetningin tekur einnig til þeirra jöfnunarhlutabréfa, sem kunna að verða gefin út á grundvelli hins veðsetta bréfs og enn fremur bréfa, sem kunna að verða gefin úti í þeirra stað, svo sem vegna samruna eða skiptingar hlutafélagsins. Veðsetningin tekur jafnframt til endurgreiðslu hlutafjár í tengslum við lækun hlutafjár.

Veðsetningin tekur til hvers konar arðs sem kann að verða greiddur af hinu veðsetta og er ISFBA heimilt að ráðstafa honum til greiðslu á framangreindri skuld.

Verði vanskil eða aðrar vanefndir á skuldbindingum veðsala eða þeirra sem að ofan greinir gagnvart ISFBA, er ISFBA heimilt að selja handveðið eða koma því í verð á hvern þann hátt annan sem hann kys, og ráðstafa andvirðinu til greiðslu á þeim, allt að vali ISFBA, að undangenginni áskorun til veðsala um að greiða vanskil sem send skal með 30 daga fyrirvara. ISFBA má og neyta alls þess réttar, sem útgefandi/veðsali hefur sjálfur yfir hinu veðsetta, svo sem að veita viðtöku öllum tekjum eða arði, er veðið gefur af sér. Yfirlýsing þessi felur jafnframt í sér umboð til ISFBA til þess að framselja hið handveðsetta, kvitta fyrir allar greiðslur og framkvæma allt það sem með þarf og hann álitur sér hagkvæmt til þess að handveðið geti komið honum að fullum notum, allt fyrirvaralaust og án aðvörunar.


Veðsali ber áhættuna af gengisbreytingum hinna veðsettu hlutabréfa.

Rísi mál vegna veðsetningarinnar skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


Til staðfestingar framanrituðu er yfirlýsing þessi undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.


Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og gárræði aðila.

Reykjavík, 6. desember 2000.

  
Nafn kt.

f.h. Fjárfestingarfélagins Gaums ehf.

  
Nafn kt.



00192